

## Gervigreindarstefna í kennslu og námi

---

Skapandi gervigreind á borð við ChatGPT eða Microsoft CoPilot eru öflug tæki sem geta nýst nemendum í námi og við margskonar verkefnavinnu. Þó skulu nemendur hafa eftirfarandi í huga:

1. Nemendum ber að fylgja fyrirmælum kennara um notkun gervigreindar við lausn verkefna. Leiki vafi á því hvort og hvernig heimilt sé að nota gervigreind við lausn tiltekins verkefnis ber nemendum að ráðfæra sig við viðkomandi kennara.
2. Það er ekki leyfilegt að láta gervigreind vinna verkefni fyrir sig. Það er í lagi að styðjast við gervigreind til að fá hugmyndir og upplýsingar, en mikilvægt er að muna að gervigreind er ekki áreiðanleg heimild og því er ekki hægt að vísa í hana sem slíka.
3. Verkefni sem nemandi skilar skal ávallt byggjast á og endurspeglar þekkingu, hæfni og reynslu nemandans.
4. Nemendur bera sjálfir fulla ábyrgð á námsverkefnum sínum og skulu vera tilbúnir að útskýra innihald þeirra og þekkingu sína á efni þeirra, hvort sem er í samtali eða texta, ef kennari fer fram á það.
5. Ef grunur leikur á að nemandi hafi notað gervigreind til að leysa verkefni og getur ekki útskýrt innihald þess eða sýnt fram á eigin þekkingu og skilning á efninu, verður verkefnið ekki tekið til greina við útreikning lokaeinkunnar.